við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2007

LÍÐIR SEM UM GETUR Í 11. MGR. 5. GR. ÁKVÖRÐUNARINNAR

Undirliðurinn, sem um getur í 11. mgr. 5. gr., bætist við á eftirtöldum stöðum í XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við samninginn:

- Í 13. lið (tilskipun ráðsins 92/106/EBE),
- í lið 18a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/62/EB),
- í lið 19 (tilskipun ráðsins 96/26/EB),
- í lið 24a (tilskipun ráðsins 91/439/EBE),
- í lið 24c (tilskipun ráðsins 1999/37/EB),
- í lið 36a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/59/EB),
- í 37. lið (tilskipun ráðsins 91/440/EBE),
- í lið 46a (tilskipun ráðsins 91/672/EBE),
- í 47. lið (tilskipun ráðsins 82/714/EBE).

XV. VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2007

I. HLUTI

LIDIR SEM UM GETUR Í 12. MGR. 5. GR. ÁKVÖRDUNARINNAR

Undirliðurinn, sem um getur í 12. mgr. 5. gr., bætist við á eftirtöldum stöðum í viðaukum við samninginn:

Í I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna), I. kafla (Dýr):

- Í 4. lið hluta 1.1 (tilskipun ráðsins 97/78/EB),
- í 5. lið hluta 1.1 (tilskipun ráðsins 91/496/EB),
- í lið 1a í hluta 3.1 (tilskipun ráðsins 2003/85/EB),
- í 3. lið hluta 3.1 (tilskipun ráðsins 2001/89/EB),
- í 4. lið hluta 3.1 (tilskipun ráðsins 92/35/EBE),
- í 6. lið hluta 3.1 (tilskipun ráðsins 92/66/EBE),
- í 7. lið hluta 3.1 (tilskipun ráðsins 93/53/EBE),
- í 8. lið hluta 3.1 (tilskipun ráðsins 95/70/EB),
- í 9. lið hluta 3.1 (tilskipun ráðsins 92/119/EBE),
- í lið 9a í hluta 3.1 (tilskipun ráðsins 2000/75/EB),
- í lið 9b í hluta 3.1 (tilskipun ráðsins 2002/60/EB),
- í 1. lið hluta 4.1 (tilskipun ráðsins 64/432/EBE),
- í 2. lið hluta 4.1 (tilskipun ráðsins 91/68/EBE),
- í 3. lið hluta 4.1 (tilskipun ráðsins 90/426/EBE),
- í 4. lið hluta 4.1 (tilskipun ráðsins 90/539/EBE),
- í 2. lið hluta 7.1 (tilskipun ráðsins 96/23/EB),
- í lið 8a í hluta 7.1 (tilskipun ráðsins 2003/99/EB).

Í II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun), XV. kafla (Hættuleg efni):

- Í lið 12a (tilskipun ráðsins 91/414/EBE).

II. HLUTI

ÖNNUR AÐLÖGUNARÁKVÆÐI SEM ERU NAUÐSYNLEG VEGNA AÐILDARINNAR

Færslur fyrir Ísland og Noreg í aðlögunarlið b) í 4. lið (tilskipun ráðsins 97/78/EB) hluta 1.1 í I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna), I. kafla (Dýr), verði endurtölusettar sem 28. og 29. liður.

XVI. VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2007

LÍÐIR SEM UM GETUR Í 13. MGR. 5. GR. ÁKVÖRÐUNARINNAR

Undirliðurinn, sem um getur í 13. mgr. 5. gr., bætist við á eftirtöldum stöðum í viðaukum við samninginn:

Í II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun), XXIV. kafla (Vélar):

- Í lið 1a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB).

Í XX. viðauka (Umhverfismál):

- Í lið 19a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/80/EB).

XVII. VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2007

LIÐIR SEM UM GETUR Í 14. MGR. 5. GR. ÁKVÖRÐUNARINNAR

Undirliðurinn, sem um getur í 14. mgr. 5. gr., bætist við á eftirtöldum stöðum í XII. kafla (Matvæli) II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við samninginn:

- Í 18. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB),
- í 47. lið (tilskipun ráðsins 89/108/EBE).

XVIII. VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2007

LÍÐIR SEM UM GETUR Í 15. MGR. 5. GR. ÁKVÖRÐUNARINNAR

Undirliðurinn, sem um getur í 15. mgr. 5. gr., bætist við á eftirtöldum stöðum í IV. viðauka (Orka) við samninginn:

- Í 7. lið (tilskipun ráðsins 90/377/EBE),
- í 19. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB).

XIX. VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2007

LÍÐUR SEM UM GETUR Í 16. MGR. 5. GR. ÁKVÖRÐUNARINNAR

Undirliðurinn, sem um getur í 16. mgr. 5. gr., bætist við á eftirtöldum stöðum í XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við samninginn:

- Í 27. lið (tilskipun ráðsins 94/45/EB).

XX. VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2007

LÍÐUR SEM UM GETUR Í 17. MGR. 5. GR. ÁKVÖRÐUNARINNAR

Undirliðurinn, sem um getur í 17. mgr. 5. gr., bætist við á eftirtöldum stöðum í XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við samninginn:

- Í lið 7c (tilskipun ráðsins 95/57/EB).

XXI. VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2007

LÍÐUR SEM UM GETUR Í 1. MGR. 6. GR. ÁKVÖRÐUNARINNAR

Undirliðurinn, sem um getur í 1. mgr. 6. gr., bætist við á eftirtöldum stað í I. kafla (Dýr) I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við samninginn:

- Í 32. lið hluta 3.2 (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/176/EB).

XXII. VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2007

LÍÐUR SEM UM GETUR Í 2. MGR. 6. GR. ÁKVÖRÐUNARINNAR

Undirliðurinn, sem um getur í 2. mgr. 6. gr., bætist við á eftirtöldum stað í I. kafla (Dýr) I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við samninginn:

- Í 39. lið hluta 1.2 (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/881/EB).

XXIII. VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2007

LÍÐUR SEM UM GETUR Í 3. MGR. 6. GR. ÁKVÖRÐUNARINNAR

Undirliðurinn, sem um getur í 3. mgr. 6. gr., bætist við á eftirtöldum stað í I. kafla (Dýr) I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við samninginn:

- Í 46. lið hluta 1.2 (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/459/EB).

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 133/2007**2008/EES/19/02****frá 26. október 2007****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐAN-
GREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 99/2007 frá 28. september 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvæði I. kafla I. viðauka taka sem stendur til Íslands aðeins að því er varðar eldisdýr, fiskeldisafurðir og sjávarafurðir.
- 3) Í 2. mgr. inngangsorðanna í I. kafla I. viðauka kemur fram að gerðir, sem vísað sé til í I. kafla I. viðauka, taki til Íslands þegar þess sé sérstaklega getið í tengslum við tiltekna gerð.
- 4) Í 2. mgr. inngangsorðanna í I. kafla I. viðauka er gert ráð fyrir að ákvæði I. kafla I. viðauka verði endurskoðuð að því er varðar Ísland.
- 5) Samningsaðilar hafa endurskoðað þau atriði sem lúta að Íslandi og ákveðið að Íslendingar skuli taka upp gerðir sem um getur í I. kafla I. viðauka, að frátöldum ákvæðum um lifandi dýr, önnur en fisk og eldisdýr, og dýraafurðir á borð við egg, fósturvísa og sæði.
- 6) Gerðir, sem um getur í I. kafla I. viðauka, skulu taka til Íslands nema þess sé getið í tengslum við tiltekna gerð að hún skuli ekki taka til Íslands. Af þessum sökum verður að breyta ákvæðum 2. mgr. inngangsorðanna í I. kafla I. viðauka.

- 7) Vegna sérstöðu Íslands að því er varðar veðurfar, hnattstöðu og hvaða hráefni eru tiltæk má una við að jörturdýrum sé gefið fiskimjöl þar. Heimild til þess er veitt með hliðsjón af því að kjötmjöl og beinamjöl er hvorki framleitt á Íslandi né flutt þangað frá öðrum löndum.
- 8) Nauðsynlegt er að gefa Íslendingum 18 mánaða aðlögunarfrest til að fullnægja að öllu leyti ákvæðum á þeim sviðum sem varða Ísland hér eftir samkvæmt ákvörðun þessari.
- 9) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

I. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem segir í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. október 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2007.

Fyrir hönd sameiginlegru EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 47, 21.2.2008, bls. 10, og EES-viðbætur nr. 9, 21.2.2008, bls. 8.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2007

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Inngangsorðin breytist sem hér segir:

a) Í stað texta 2. mgr. komi eftirfarandi:

„Ákvæði þessa kafla skulu taka til Íslands, að frátöldum ákvæðum um lifandi dýr, önnur en fisk og eldisdýr, og dýraafurðir á borð við egg, fósturvísu og sæði. Ef tiltekin gerð á ekki að taka til Íslands eða aðeins að hluta til skal það tekið fram í tengslum við þá gerð.“

Þau ákvæði þessa kafla, sem lúta að sviðum sem vörðuð ekki Ísland áður en kaflinn var endurskoðaður samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2007, skulu koma til framkvæmda á Íslandi eigi síðar en 18 mánuðum eftir að sú ákvörðun öðlast gildi.

Í viðskiptum við Ísland mega aðrir samningsaðilar áfram styðjast við eigin reglur um lönd utan EES þegar um ræðir svið sem varða ekki Ísland.“

b) Í stað texta c-liðar 3. mgr., D-liðar 4. mgr., c-liðar 6. mgr., c-liðar 7. mgr. og d-liðar 8. mgr. komi eftirfarandi:

„Ákvæði þessarar málsgreinar taka einnig til Íslands að því er varðar svið sem um getur í 2. mgr.“

2. Málslíðurinn „Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.“ falli brott í 1. lið (tilskipun ráðsins 89/662/EBE), 4. lið (tilskipun ráðsins 97/78/EB) og 6. lið (ákvörðun ráðsins 92/438/EBE) í hluta 1.1.

3. Í stað málslíðarinn „Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.“ í 2. lið (tilskipun ráðsins 90/425/EBE), 5. lið (tilskipun ráðsins 91/496/EBE) og 8. lið (tilskipun ráðsins 85/73/EBE) í hluta 1.1 komi málslíðurinn „Ákvæði þessarar gerðar taka til Íslands að því er varðar svið sem um getur í 2. mgr. inngangsorðanna.“

4. Málslíðurinn „Ákvæði þessarar gerðar taka einnig til Íslands að því er varðar svið sem um getur í 2. mgr. inngangsorðanna.“ bætist við í 3. lið (tilskipun ráðsins 89/608/EBE) og 9. lið (tilskipun ráðsins 96/93/EB) í hluta 1.1.

5. Málslíðurinn „Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“ bætist við í 10. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 998/2003) í hluta 1.1.

6. Málslíðurinn „Þessi gerð á einnig við um Ísland.“ falli brott í 84. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/470/EB), málslíðurinn „Þessi gerð gildir einnig um Ísland.“ í 104. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/351/EB) og málslíðurinn „Þessi gerð gildir einnig á Íslandi.“ í 114. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/630/EB) í hluta 1.2.

7. Málslíðurinn „Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.“ falli brott í 21. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/352/EBE), 25. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/360/EB), 29. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/641/EB), 31. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/958/EB) og 33. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/971/EB), málslíðurinn „Þessi gerð gildir einnig um Ísland á þeim sviðum sem falla undir sérstakar gerðir sem vísað er til í 2. mgr. í inngangshluta.“ í 87. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/25/EB) og 88. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/208/EB), málslíðurinn „Þessi gerð gildir einnig um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í inngangsorðunum fjalla um.“ í 106. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/571/EB), málslíðurinn „Þessi gerð á einnig við um Ísland á þeim sviðum sem falla undir sérstakar gerðir sem vísað er til í 2. mgr. í inngangshluta.“ í 111. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/812/EB), málslíðurinn „Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.“ í 113. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/349/EB) og málslíðurinn „Þessi gerð gildir einnig að því er varðar Ísland á sviðum sem fjallað er um í þeim tilteknu gerðum sem vísað er til í 2. mgr. inngangsorðanna.“ í 115. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 136/2004) í hluta 1.2.

8. Í stað málslíðarinn „Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.“ í 2. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/398/EBE), 3. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/585/EBE), 4. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/637/EBE), 5. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/638/EBE), 6. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/176/EBE), 8. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/341/EBE), 9. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/373/EBE), 11. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/432/EBE), 12. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/486/EBE), 15. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/563/EBE), 17. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/14/EBE), 18. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/70/EBE), 22. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/444/EBE), 23. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/338/EB), 24. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/339/EB), 30. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/957/EB), 32. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/970/EB), 39. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/881/EB), 42. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/105/

- EB) og 46. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/459/EB) og málsliðarins „Þessi gerð gildir einnig að því er varðar Ísland á sviðum sem fjallað er um í þeim tilteknu gerðum sem vísað er til í 2. mgr. inngangsorðanna.“
116. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/253/EB), 117. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 282/2004), 118. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/292/EB) og 119. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 599/2004) í hluta 1.2 komi málsliðurinn „Ákvæði þessarar gerðar taka einnig til Íslands að því er varðar svið sem um getur í 2. mgr. inngangsorðanna.“
9. Málsliðurinn „Þessi gerð á einnig við um Ísland.“ falli brott í 1. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/140/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 1.2.
10. Málsliðurinn „Ákvæði þessarar gerðar taka einnig til Íslands að því er varðar svið sem um getur í 2. mgr. inngangsorðanna.“ bætist við í 68. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/794/EB) og 74. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/139/EB) í hluta 1.2.
11. Málsliðurinn „Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“ bætist við á undan aðlögunarákvæðunum í 121. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/803/EB), 122. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/301/EB), 123. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/595/EB), 124. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/824/EB), 125. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/839/EB), 126. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/91/EB) og 129. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/64/EB) í hluta 1.2.
12. Málsliðurinn „Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“ bætist við í 11. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/62/EB) og 18. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/557/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 1.2.
13. Málsliðurinn „Ákvæði þessarar gerðar taka einnig til Íslands að því er varðar svið sem um getur í 2. mgr. inngangsorðanna.“ bætist við í 57. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/152/EB) og 60. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/394/EB) í hluta 1.2.
14. Málsliðurinn „Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“ bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 77/504/EBE), 2. lið (tilskipun ráðsins 88/661/EBE), 3. lið (tilskipun ráðsins 89/361/EBE), 4. lið (tilskipun ráðsins 90/427/EBE), 5. lið (tilskipun ráðsins 90/428/EBE), 6. lið (tilskipun ráðsins 91/174/EBE) og 7. lið (ákvörðun ráðsins 96/463/EB) í hluta 2.1 og 1. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 84/247/EBE), 2. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 84/419/EBE), 5. lið (tilskipun ráðsins 87/328/EBE), 7. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 89/501/EBE), 8. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 89/502/EBE), 9. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 89/503/EBE), 10. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 89/504/EBE), 11. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 89/505/EBE), 12. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 89/506/EBE), 13. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 89/507/EBE), 14. lið (tilskipun ráðsins 90/118/EBE), 15. lið (tilskipun ráðsins 90/119/EBE), 16. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 90/254/EBE), 17. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 90/255/EBE), 18. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 90/256/EBE), 19. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 90/257/EBE), 20. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 90/258/EBE), 21. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/216/EBE), 22. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/353/EBE), 23. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/354/EBE), 24. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/623/EBE), 25. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/78/EB), 26. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/79/EB), 30. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/8/EB), 31. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/379/EB) og 32. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/427/EB) í hluta 2.2.
15. Málsliðurinn „Þessi gerð á einnig við um Ísland.“ falli brott í 7. lið (tilskipun ráðsins 93/53/EBE), 8. lið (tilskipun ráðsins 95/70/EB) og 10. lið (tilskipun ráðsins 82/894/EBE) í hluta 3.1 og málsliðurinn „Þessi gerð gildir einnig á Íslandi.“ í 29. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/466/EB) í hluta 3.2.
16. Málsliðurinn „Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“ bætist við í lið 1a (tilskipun ráðsins 2003/85/EB), 2. lið (tilskipun ráðsins 90/423/EBE), 3. lið (tilskipun ráðsins 2001/89/EB), 4. lið (tilskipun ráðsins 92/35/EBE), 5. lið (tilskipun ráðsins 92/40/EBE), 6. lið (tilskipun ráðsins 92/66/EBE), 9. lið (tilskipun ráðsins 92/119/EBE), lið 9a (tilskipun ráðsins 2000/75/EB) og lið 9b (tilskipun ráðsins 2002/60/EB) í hluta 3.1 og 2. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 88/397/EBE), 7. lið (ákvörðun ráðsins 91/666/EBE), 8. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/455/EBE), 9. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/590/EB), 10. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/128/EB), 11. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/502/EB), 12. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/111/EB), 13. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/112/EB), 14. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/428/EB), 17. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/138/EB), 18. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/246/EB), 19. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/257/EB), 20. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/295/EB), 21. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/303/EB), 23. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/106/EB), 24. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/551/EB), 25. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/552/EB), 28. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/422/EB), 31. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/288/EB), 32. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/176/EB), 33. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/393/EB), 35. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/393/EB), 36. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/416/EB) og 37. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/437/EB) í hluta 3.2.

17. Málslíðurinn „Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“ bætist við í 3. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/297/EB), 5. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/176/EB), 9. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/246/EB), 18. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/526/EB), 20. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/135/EB), 22. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/362/EB), 24. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/435/EB), 25. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/402/EB), 26. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/431/EB), 27. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/435/EB), 28. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/832/EB), 29. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/59/EB), 30. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/66/EB), 31. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/235/EB), 32. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/362/EB), 33. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/773/EB) og 34. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/705/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 3.2.
18. Málslíðurinn „Þessi gerð á einnig við um Ísland.“ falli brott í 5. lið (tilskipun ráðsins 91/67/EBE) í hluta 4.1, málslíðurinn „Þessi gerð gildir einnig um Ísland.“ í 51. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/567/EB), málslíðurinn „Þessi gerð á einnig við um Ísland.“ í 63. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/183/EB), 65. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/300/EB), 66. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/308/EB) og 68. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/878/EB), málslíðurinn „Þessi gerð gildir einnig á Íslandi.“ í 72. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/390/EB) og 73. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/466/EB) og málslíðurinn „Þessi gerð varðar einnig Ísland.“ í 79. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/453/EB) í hluta 4.2.
19. Málslíðurinn „Þessi gerð á einnig við um Ísland.“ falli brott í 21. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/722/EB) og málslíðurinn „Þessi gerð gildir einnig á Íslandi.“ í 55. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/634/EB) og 56. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/904/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 4.2.
20. Málslíðurinn „Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“ bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 64/432/EBE), 2. lið (tilskipun ráðsins 91/68/EBE), 3. lið (tilskipun ráðsins 90/426/EBE), 4. lið (tilskipun ráðsins 90/539/EBE), 6. lið (tilskipun ráðsins 89/556/EBE), 7. lið (tilskipun ráðsins 88/407/EBE), 8. lið (tilskipun ráðsins 90/429/EBE) og 9. lið (tilskipun ráðsins 92/65/EBE) í hluta 4.1 og 1. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 90/208/EBE), 3. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/339/EBE), 4. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/340/EBE), 5. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/381/EBE), 14. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/52/EBE), 18. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/152/EB), 21. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/274/EB), 22. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/275/EB), 24. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/327/EB), 25. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/963/EB), 26. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/98/EB), 28. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/117/EB), 33. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/294/EB), 34. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/307/EB), 35. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/329/EB), 36. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/388/EB), 37. lið (ákvörðun ráðsins 95/410/EB), 40. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/483/EB), 41. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/93/EB), 42. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/94/EB), 43. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/95/EB), 54. lið (ákvörðun ráðsins 2000/258/EB), 56. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/504/EB), 57. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/678/EB), 58. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/262/EB), 59. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/263/EB), 61. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/106/EB), 64. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/618/EB), 67. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/598/EB), 69. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/205/EB), 70. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/467/EB), 71. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/644/EB), 74. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/886/EB), 75. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/226/EB), 76. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/233/EB), 77. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/235/EB), 78. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/315/EB), 80. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/558/EB), 81. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/65/EB) og 82. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1739/2005) í hluta 4.2.
21. Málslíðurinn „Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“ bætist við í 4. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 88/267/EBE), 27. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/968/EB), 28. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/50/EB), 29. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/59/EB), 32. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/70/EB), 33. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/71/EB), 37. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/210/EB), 40. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/283/EB), 51. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/905/EB) og 57. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/835/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 4.2.
22. Málslíðurinn „Ákvæði annars undirlíðar A-liðar I. hluta 6. kafla I. viðauka skulu eiga við um Ísland.“ falli brott í 7. lið (tilskipun ráðsins 92/118/EBE) í hluta 5.1 og 16. lið (tilskipun ráðsins 92/118/EBE) í hluta 8.1.
23. Málslíðirnir „Ákvæði 6. kafla I. viðauka eiga við um Ísland að því er varðar unnin dýrprótín úr fiski sem ætlað er sem dýrafóður. Á árinu 2000 skal endurskoða málefni er varða unnin dýrprótín úr fiski sem ætlað er til manndæis.“ falli brott í 15. lið (tilskipun ráðsins 92/118/EBE) í hluta 6.1.
24. Málslíðurinn „Þessi gerð á einnig við um Ísland.“ falli brott í 10. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/92/EBE), 13. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/51/EBE), 14. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/140/EB), 17. lið (ákvörðun ráðsins 93/383/EBE), 19. lið (ákvörðun ráðsins 94/117/EB), 20. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/306), 21. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/356/EB), 28. lið (ákvörðun

- framkvæmdastjórnarinnar 95/149/EB), 37. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/757/EB), 39. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/536/EB), 42. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/225/EB) og 43. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/226/EB) og málsliðurinn „Þessi gerð gildir einnig á Íslandi.“ í 47. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/774/EB) í hluta 6.2.
25. Aðlögunarákvæðin í 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins EB nr. 999/2001) í hluta 7.1 breytist sem hér segir:
- Eftirfarandi bætist við í aðlögunarlið B:
„Ísland Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði
Keldum
112 Reykjavík
Iceland“
 - Eftirfarandi aðlögunarliðir bætist við:
„D. Í 2. lið IV. viðauka bætist við eftirfarandi ákvæði:

„Áfram skal heimilt að gefa jörturdýrum á Íslandi fiskmjöl. Fiskmjölið skal framleitt í vinnslustöðvum sem notaðar eru eingöngu til framleiðslu á fiskafurðum.“

E. Ákvæði mgr. 2.3 og 3., 4., 5. og 6. mgr. kafla A í VII. viðauka um útrýmingu smitandi heilahrönnunar í sauðfé og geitum taka ekki til Íslands. Þó er aðeins heimilt að taka aftur upp búskap með sauðfé á bæjum þar sem öllu búfé hefur verið lógað, og mega dýrin ekki bera í sér VRQ-samsætuna.

F. Þau ákvæði kafla A, B og D í VIII. viðauka, sem varða viðskipti bandalagsríkjanna með lifandi dýr og útflutning á lifandi dýrum til annarra landa, og þau ákvæði kafla A, B, D, E og H í IX. viðauka, sem varða innflutning til bandalagsríkjanna á lifandi dýrum, taka ekki til Íslands.

G. Á Íslandi verður eftir sem áður óheimilt að flytja inn kjötmjöl og beinamjöl og afurðir, sem hafa að geyma kjötmjöl og beinamjöl, frá bandalagsríkjunum, EFTA-ríkjunum og öðrum ríkjum.““
26. Málsliðurinn „Þessi gerð á einnig við um Ísland, en aðeins með tilliti til förgunar og vinnslu fiskúrgangs, markaðssetningar hans og ráðstafana til að koma í veg fyrir lifandi smitefni í föðri úr fiskafurðum.“ falli brott í 7. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/562/EBE) í hluta 7.2.
27. Málsliðurinn „Þessi gerð á einnig við um Ísland.“ falli brott í 4. lið (tilskipun ráðsins 91/67/EBE) í hluta 8.1.
28. Málsliðurinn „Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“ bætist við í 2. lið (tilskipun ráðsins 90/426/EBE), 3. lið (tilskipun ráðsins 90/539/EBE), 5. lið (tilskipun ráðsins 89/556/EBE), 6. lið (tilskipun ráðsins 88/407/EBE), 7. lið (tilskipun ráðsins 90/429/EBE), 15. lið (tilskipun ráðsins 92/65/EBE) og lið 16a (tilskipun ráðsins 2004/68/EB) í hluta 8.1.
29. Málsliðurinn „Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“ bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 91/628/EBE), 3. lið (tilskipun ráðsins 88/166/EBE), 4. lið (tilskipun ráðsins 91/629/EBE), 5. lið (tilskipun ráðsins 91/630/EBE), 6. lið (tilskipun ráðsins 98/58/EB), 7. lið (reglugerð ráðsins (EB) nr. 411/98), 8. lið (tilskipun ráðsins 1999/74/EB) og 10. lið (reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2005) í hluta 9.1 og 1. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/96/EB), 2. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/4/EB), 3. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/433/EB) og 4. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/778/EB) í hluta 9.2.
30. Málsliðurinn „Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“ bætist við í 1. lið (ákvörðun ráðsins 78/923/EBE) og 3. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 89/214/EBE) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 9.2.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 134/2007

2008/EES/19/03

frá 26. október 2007

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐAN-GREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100/2007 frá 28. september 2007 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2007 frá 28. september 2007 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1304/2003 frá 11. júlí 2003 um þá málsmeðferð sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu skal nota þegar beiðnum um vísindalegar álitserðir er vísað til hennar ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1642/2003 frá 22. júlí 2003 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 178/2002 ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/478/EB frá 29. apríl 2004 um samþykkt almennrar áætlunar um áfallastjórnun á sviði matvæla og fôðurs ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2230/2004 frá 23. desember 2004 um

ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 að því er varðar net stofnana sem starfa á sviðum sem falla undir hlutverk Matvælaöryggisstofnunar Evrópu ⁽⁷⁾

- 8) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 575/2006 frá 7. apríl 2006 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 að því er varðar fjölda og heiti fastra sérfræðinganefnda á vegum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu ⁽⁸⁾
- 9) Fella ber inn í samninginn ákvörðun ráðsins 2006/478/EB frá 19. júní 2006 um skipun helmings stjórnarmanna í stjórn Matvælaöryggisstofnunar Evrópu ⁽⁹⁾
- 10) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.
- 11) Rétt er að láta ákvörðun þessa taka til Íslands án aðlögunarfrestsins sem kveðið er á um í 2. mgr. inngangsorðanna í I. kafla I. viðauka við samninginn.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

I. og II. viðauki við samninginn breytist sem segir í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 178/2002, nr. 1304/2003, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 186, 25.7.2003, bls. 46, nr. 1642/2003, nr. 2230/2004 og nr. 575/2006 og ákvarðana 2004/478/EB, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 212, 12.6.2004, bls. 60, og 2006/478/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. október 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*) eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2007 frá 26. október 2007, hvort sem síðar er.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 47, 21.2.2008, bls. 12, og EES-viðbætur nr. 9, 21.2.2008, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 47, 21.2.2008, bls. 21, og EES-viðbætur nr. 9, 21.2.2008, bls. 18.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1. Reglugerðin breyttist síðast samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 575/2006 (Stjtið. ESB L 100, 8.4.2006, bls. 3).

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 185, 24.7.2003, bls. 6. Leiðréttingar birtust í Stjtið. ESB L 186, 25.7.2003, bls. 46.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 245, 29.9.2003, bls. 4.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 160, 30.4.2004, bls. 98. Leiðréttingar birtust í Stjtið. ESB L 212, 12.6.2004, bls. 60.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 379, 24.12.2004, bls. 64.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 100, 8.4.2006, bls. 3.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 189, 12.7.2006, bls. 7.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007

I. og II. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við á eftir 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1 í I. kafla I. viðauka við samninginn:

„Almenn lög um matvæli og Matvælaöryggisstofnun Evrópu

13. **32002 R 0178:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtið. ESB L 31, 1.2.2002, bls. 1), eins og henni var breytt með:

- **32003 R 1642:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1642/2003 frá 22. júlí 2003 (Stjtið. ESB L 245, 29.9.2003, bls. 4),
- **32006 R 0575:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 575/2006 frá 7. apríl 2006 (Stjtið. ESB L 100, 8.4.2006, bls. 3).

Ákvæði reglugerðar (EB) nr. 178/2002 skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Ákvæði reglugerðarinnar, svo og ákvæði gerða sem samþykktar eru á grundvelli hennar, skulu taka til Íslands án aðlögunarfrestsins sem mælt er fyrir um í 2. mgr. inngangsorðanna í I. kafla I. viðauka.
- b) EFTA-ríkin skulu taka þátt í störfum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, sem nefnist „stofnunin“ í því sem hér fer á eftir, en hafa þó ekki atkvæðarétt. Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samninginn skal túlka hugtakið „aðildarríki“ í reglugerðinni þannig að það taki til EFTA-ríkjanna auk ríkja sem það tekur til samkvæmt reglugerðinni, enda sé ekki kveðið á um annað hér á eftir. Beita skal ákvæðum 11. mgr. bókunar 1.
- c) Hlutaðeigandi EFTA-ríkjum skal heimilt að senda áheyrnarfulltrúa á fundi fastanefndar um matvælaferli og heilbrigði dýra þegar fjallað er um málefni sem heyra undir gerðir sem um getur í samningnum. Fulltrúar EFTA-ríkjanna skulu taka fullan þátt í störfum nefndarinnar, en hafa þó ekki atkvæðarétt.
- d) Í stað texta 12. gr. komi eftirfarandi:

„Löggjöf EFTA-ríkjanna um framleiðslu, innflutning og sölu matvæla og fóðurs skal fullnægja öllum viðeigandi kröfum laga um matvæli, og skal þannig meðal annars hafa að geyma virk úrræði til að koma í veg fyrir að vörur, sem teknar eru af markaði í einu ESB-ríki, séu fluttar út (aftur) til ríkis utan ESB um EFTA-ríki.“

- e) Eftirlitsstofnun EFTA skulu afhentar upplýsingarnar sem kveðið er á um í 3. mgr. 26. gr. 2. mgr. 32. gr., 4. og 6. mgr. 33. gr. og 4. mgr. 34. mgr.
- f) Ákvæði 29. gr. skulu aðlöguð sem hér segir:

EFTA-ríki er heimilt að fara fram á vísindaálit stofnunarinnar á atriðum sem falla undir starfsvið hennar. Slíka beiðni skal fyrst senda framkvæmdastjórninni og skal hún, ef beiðnin telst hafa almennt gildi, framsenda hana stofnuninni í því skyni að fá umbeðið álit hennar.

Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að fara fram á vísindalegt álit stofnunarinnar á málinu. Eftirlitsstofnun EFTA skal hafa samstarf um þetta við framkvæmdastjórnina til þess að tryggja samræmi í vinnubrögðum.

- g) Ákvæði 31. gr. skulu aðlöguð sem hér segir:

Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að fara fram á vísindalega og tæknilega aðstoð stofnunarinnar, sbr. ákvæði 31. gr., í tengslum við atriði sem falla undir starfsvið hennar samkvæmt samningnum.

- h) Eftirfarandi bætist við í 48. gr.:

„Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. mgr. 12. gr. ráðningarskilmála annarra starfsmanna Evrópubandalaganna er forstjóra stofnunarinnar heimilt að gera ráðningarsamning við ríkisborgara EFTA-ríkjanna sem njóta óskertra borgaralegra réttinda.“

- i) Ákvæði 53. og 54. gr. skulu aðlöguð sem hér segir:

1. Þegar um ræðir matvæli eða fóður sem er upprunið í Evrópubandalaginu eða EFTA-ríki gilda eftirtalin ákvæði:

- a) Hyggist Evrópubandalagið eða EFTA-ríki gera neyðarráðstafanir gagnvart öðrum samningsaðilum skal þeim gert viðvart um það án tafar.

Fyrirhugaðar ráðstafanir skulu tilkynntar án tafar öllum samningsaðilum og bæði framkvæmdastjórn EB og Eftirlitsstofnun EFTA.

Heimilt skal að láta ráðstafanirnar öðlast gildi tafarlaust, en viðræður milli framkvæmdastjórnar EB og hlutaðeigandi samningsaðila um heppilegar lausnir skulu eiga sér stað svo skjótt sem við verður komið, að ósk einhvers þessara aðila.

Komi upp ágreiningur er sérhverjum hlutaðeigandi aðila heimilt að vísa málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar. Náist ekki samkomulag í nefndinni er samningsaðila heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir. Slíkar ráðstafanir skulu bundnar við það sem er strangt til tekið nauðsynlegt til að ráða bót á aðstæðum. Leitast skal við að velja ráðstafanir sem hafa sem minnst áhrif á framkvæmd samningsins.

- b) Hyggist framkvæmdastjórn EB taka ákvörðun um neyðarráðstafanir sem varða einhvern hluta af yfirráðasvæði Evrópubandalagsins skal hún gera Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-ríkjunum viðvart um það án tafar.

Taki framkvæmdastjórn EB ákvörðun um neyðarráðstafanir sem varða einhvern hluta af yfirráðasvæði Evrópubandalagsins skal hlutaðeigandi EFTA-ríki gera samsvarandi ráðstafanir, að höfðu samráði og eftir rannsókn á málsatriðum, nema því aðeins að sérstakar aðstæður í því ríki valdi því að ekki sé réttlætjanlegt að gera slíkar ráðstafanir. Viðkomandi ríki skal þá gera Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn EB viðvart tafarlaust.

Viðræður um heppilegar lausnir skulu eiga sér stað svo skjótt sem við verður komið. Náist ekki samkomulag skal beitt ákvæðum fjórðu undirgreinar a-liðar.

2. Þegar um ræðir matvæli eða fóður frá landi utan EES gilda eftirtalin ákvæði:

- a) Þegar aðildarríki EB gera neyðarráðstafanir að því er varðar innflutning frá ríkjunum utan EES skulu EFTA-ríkin gera samsvarandi ráðstafanir á sama tíma.
- b) Komi upp erfiðleikar í tengslum við beitingu tiltekinnar gerðar Evrópubandalagsins skal hlutaðeigandi EFTA-ríki tilkynna það sameiginlegu EES-nefndinni án tafar.
- c) Ákvæði þessarar málsgreinar skerða ekki heimildir EFTA-ríkis til að gera neyðarráðstafanir einhliða meðan beðið er ákvarðana af því tagi sem um getur í a-lið.
- d) Sameiginlega EES-nefndin getur tekið mið af ákvörðunum Evrópubandalagsins.

- j) Ákvæði 60. gr. skulu aðlöguð sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í 1. mgr.:

„Telji stjórnvöld í EFTA-ríki að ráðstöfun aðildarríkis ESB sé annaðhvort ósamrýmanleg ákvæðum þessarar reglugerðar eða geti haft áhrif á framkvæmd samningsins skulu þau vísa málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar. Hið sama á við telji stjórnvöld í aðildarríki ESB að ráðstöfun EFTA-ríkis sé annaðhvort ósamrýmanleg ákvæðum þessarar reglugerðar eða geti haft áhrif á framkvæmd samningsins.“

2. Í stað orðanna „aðildarríkin tvö“ í fyrsta og síðasta málslíð 2. mgr. komi orðin „EFTA-ríkið og aðildarríki ESB“ og í stað orðsins „framkvæmdastjórnin“ komi orðin „sameiginlega EES-nefndin“. Í stað orðanna „er framkvæmdastjórninni heimilt“ í öðrum málslíð komi orðin „er sameiginlegu EES-nefndinni heimilt, að beiðni annars hvors samningsaðila“.

- k) EFTA-ríkin skulu taka þátt í kostnaði við rekstur stofnunarinnar í samræmi við ákvæði a-liðar 1. mgr. 82. gr. samningsins og bókun 32 við samninginn.
- l) EFTA-ríkin skulu láta stofnunina njóta sérréttinda og friðhelgi með hliðstæðum hætti og kveðið er á um í Bókun um sérréttindi og friðhelgi Evrópubandalaganna.“

- 2) Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 29. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1177/2006) í hluta 7.2 í I. kafla I. viðauka:

„30.32003 R 1304: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1304/2003 frá 11. júlí 2003 um þá málsmeðferð sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu skal nota þegar beiðnum um vísindalegar álitgerðir er vísað til hennar (Stjtið. ESB L 185, 24.7.2003, bls. 6). Leiðréttingar birtust í Stjtið. ESB L 186, 25.7.2003, bls. 46.“

31. **32004 D 0478**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/478/EB frá 29. apríl 2004 um samþykkt almennrar áætlunar um áfallastjórnun á sviði matvæla og fódurs (Stjtið. ESB L 160, 30.4.2004, bls. 98). Leiðréttingar birtust í Stjtið. ESB L 212, 12.6.2004, bls. 60.
- Ákvæði ákvörðunar 2004/478/EB skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:
- Þegar framkvæmdastjórnin telur að upp séu komnar aðstæður af því tagi sem um getur í 1. mgr. 56. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 og þær aðstæður varða EFTA-ríki beinlínis, og sett er á fót áfallaráð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 56. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002, skal áfallafulltrúi eða áfallafulltrúar, sem EFTA-ríkið sem aðstæðurnar varða beint tilnefni, og áfallafulltrúi, sem Eftirlitsstofnun EFTA tilnefni, taka þátt í starfi áfallaráðsins.
32. **32004 R 2230**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2230/2004 frá 23. desember 2004 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 að því er varðar net stofnana sem starfa á sviðum sem falla undir hlutverk Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (Stjtið. ESB L 379, 24.12.2004, bls. 64).
33. **32006 D 0478**: Ákvörðun ráðsins 2006/478/EB frá 19. júní 2006 um skipun helmings stjórnarmanna í stjórn Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (Stjtið. ESB L 189, 12.7.2006, bls. 7).“
3. Eftirfarandi bætist við á eftir 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

„Almenn lög um matvæli og Matvælaöryggisstofnun Evrópu

41. **32002 R 0178**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtið. ESB L 31, 1.2.2002, bls. 1), eins og henni var breytt með:
- **32003 R 1642**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1642/2003 frá 22. júlí 2003 (Stjtið. ESB L 245, 29.9.2003, bls. 4),
 - **32006 R 0575**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 575/2006 frá 7. apríl 2006 (Stjtið. ESB L 100, 8.4.2006, bls. 3).

Ákvæði reglugerðar (EB) nr. 178/2002 skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Ákvæði reglugerðarinnar, svo og ákvæði gerða sem samþykktar eru á grundvelli hennar, skulu taka til Íslands án aðlögunarfrestsins sem mælt er fyrir um í 2. mgr. inngangsorðanna í I. kafla I. viðauka.
- b) EFTA-ríkin skulu taka þátt í störfum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, sem nefnist „stofnunin“ í því sem hér fer á eftir, en hafa þó ekki atkvæðarétt. Þrátt fyrir ákvæði bókunar I við samninginn skal túlka hugtakið „aðildarríki“ í reglugerðinni þannig að það taki til EFTA-ríkjanna auk ríkja sem það tekur til samkvæmt reglugerðinni, enda sé ekki kveðið á um annað hér á eftir. Beita skal ákvæðum 11. mgr. bókunar I.
- c) Hlutaðeigandi EFTA-ríkjum skal heimilt að senda áheyrnarfulltrúa á fundi fastanefndar um matvælaferli og heilbrigði dýra þegar fjallað er um málefni sem heyra undir gerðir sem um getur í samningnum. Fulltrúar EFTA-ríkjanna skulu taka fullan þátt í störfum nefndarinnar, en hafa þó ekki atkvæðarétt.
- d) Í stað texta 12. gr. komi eftirfarandi:

„Löggjöf EFTA-ríkjanna um framleiðslu, innflutning og sölu matvæla og fódurs skal fullnægja öllum viðeigandi kröfum laga um matvæli, og skal þannig meðal annars hafa að geyma virk úrræði til að koma í veg fyrir að vörur, sem teknar eru af markaði í einu ESB-ríki, séu fluttar út (aftur) til ríkis utan ESB um EFTA-ríki.“
- e) Eftirlitsstofnun EFTA skulu afhentar upplýsingarnar sem kveðið er á um í 3. mgr. 26. gr. 2. mgr. 32. gr., 4. og 6. mgr. 33. gr. og 4. mgr. 34. mgr.
- f) Ákvæði 29. gr. skulu aðlöguð sem hér segir:

EFTA-ríki er heimilt að fara fram á vísindaálit stofnunarinnar á atriðum sem falla undir starfsvið hennar. Slíka beiðni skal fyrst senda framkvæmdastjórninni og skal hún, ef beiðnin telst hafa almennt gildi, framsenda hana stofnuninni í því skyni að fá umbeðið álit hennar.

Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að fara fram á vísindalegt álit stofnunarinnar á málinu. Eftirlitsstofnun EFTA skal hafa samstarf um þetta við framkvæmdastjórnina til þess að tryggja samræmi í vinnubrögðum.

- g) Ákvæði 31. gr. skulu aðlöguð sem hér segir:

Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að fara fram á vísindalega og tæknilega aðstoð stofnunarinnar, sbr. ákvæði 31. gr., í tengslum við atriði sem falla undir starfsvið hennar samkvæmt samningnum.

h) Eftirfarandi bætist við í 48. gr.:

„Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. mgr. 12. gr. ráðningarskilmála annarra starfsmanna Evrópubandalaganna er forstjóra stofnunarinnar heimilt að gera ráðningarsamning við ríkisborgara EFTA-ríkjanna sem njóta óskertra borgaralegra réttinda.“

i) Ákvæði 53. og 54. gr. skulu aðlöguð sem hér segir:

1. Þegar um ræðir matvæli eða fóður sem er upprunið í Evrópubandalaginu eða EFTA-ríki gilda eftirtalin ákvæði:

a) Hyggist Evrópubandalagið eða EFTA-ríki gera neyðarráðstafanir gagnvart öðrum samningsaðilum skal þeim gert viðvart um það án tafar.

Fyrirhugaðar ráðstafanir skulu tilkynntar án tafar öllum samningsaðilum og bæði framkvæmdastjórn EB og Eftirlitsstofnun EFTA.

Heimilt skal að láta ráðstafanirnar öðlast gildi tafarlaust, en viðræður milli framkvæmdastjórnar EB og hlutaðeigandi samningsaðila um heppilegar lausnir skulu eiga sér stað svo skjótt sem við verður komið, að ósk einhvers þessara aðila.

Komi upp ágreiningur er sérhverjum hlutaðeigandi aðila heimilt að vísa málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar. Náist ekki samkomulag í nefndinni er samningsaðila heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir. Slíkar ráðstafanir skulu bundnar við það sem er strangt til tekið nauðsynlegt til að ráða bót á aðstæðum. Leitast skal við að velja ráðstafanir sem hafa sem minnst áhrif á framkvæmd samningsins.

b) Hyggist framkvæmdastjórn EB taka ákvörðun um neyðarráðstafanir sem varða einhvern hluta af yfirráðasvæði Evrópubandalagsins skal hún gera Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-ríkjunum viðvart um það án tafar.

Taki framkvæmdastjórn EB ákvörðun um neyðarráðstafanir sem varða einhvern hluta af yfirráðasvæði Evrópubandalagsins skal hlutaðeigandi EFTA-ríki gera samsvarandi ráðstafanir, að höfðu samráði og eftir rannsókn á málsatriðum, nema því aðeins að sérstakar aðstæður í því ríki valdi því að ekki sé réttlætjanlegt að gera slíkar ráðstafanir. Viðkomandi ríki skal þá gera Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn EB viðvart tafarlaust.

Viðræður um heppilegar lausnir skulu eiga sér stað svo skjótt sem við verður komið. Náist ekki samkomulag skal beitt ákvæðum fjórðu undirgreinar a-liðar.

2. Þegar um ræðir matvæli eða fóður frá landi utan EES gilda eftirtalin ákvæði:

a) Þegar aðildarríki EB gera neyðarráðstafanir að því er varðar innflutning frá ríkjum utan EES skulu EFTA-ríkin gera samsvarandi ráðstafanir á sama tíma.

b) Komi upp erfiðleikar í tengslum við beitingu tiltekinnar gerðar Evrópubandalagsins skal hlutaðeigandi EFTA-ríki tilkynna það sameiginlegu EES-nefndinni án tafar.

c) Ákvæði þessarar málsgreinar skerða ekki heimildir EFTA-ríkis til að gera neyðarráðstafanir einhliða meðan beðið er ákvarðana af því tagi sem um getur í a-lið.

d) Sameiginlega EES-nefndin getur tekið mið af ákvörðunum Evrópubandalagsins.

j) Ákvæði 60. gr. breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í 1. mgr.:

Liechtenstein	Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður frá öðru ríki sem tilskipun þessi tekur til og talið er upp í þessum viðauka	Lögbær yfirvöld	Krankenschwester – Krankenpfleger	1. maí 1995
Norge	Vitnemál for bestått sykepleierutdanning	Høgskole	Sykepleier	1. janúar 1994

c) Undir fyrirsögninni „V.3. TANNLÆKNAR“:

i) Undir undirfyrirsögninni „5.3.2. Vitnisburður um formlega grunnmenntun og hæfi tannlækna“:

Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Stofnunin sem veitir vitnisburð um menntun og hæfi	Vottorð sem fylgir vitnisburði	Starfsheiti	Viðmiðunardagsetning
Ísland	Próf frá tannlækna-deild Háskóla Íslands	Tannlækna-deild Háskóla Íslands		Tannlæknir	1. janúar 1994
Liechtenstein	Prófskirteini, vottorð og annar vitnisburður frá öðru ríki sem tilskipun þessi tekur til og talið er upp í þessum viðauka	Lögbær yfirvöld	Vottorð lögþærra yfirvalda um að starfsþjálfun sé lokið	Zahnarzt	1. maí 1995
Norge	Vitnemál for fullført grad <i>candidata/candidatus odontologiae</i> , skammstafað: <i>cand. odont.</i>	Odontologisk universitets-fakultet		Tannlege	1. janúar 1994

ii) Undir undirfyrirsögninni „5.3.3. Vitnisburður um menntun og hæfi sérmenntaðra tannlækna“:

Tannréttingar					
Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Stofnunin sem veitir vitnisburð um menntun og hæfi	Viðmiðunardagsetning		
Ísland					
Liechtenstein					
Norge	Bevis for gjennomgått spesialistutdanning i kjeveortopedi	Odontologisk universitetsfakultet	1. janúar 1994		

Tannskurðlækningar					
Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Stofnunin sem veitir vitnisburð um menntun og hæfi	Viðmiðunardagsetning		
Ísland					
Liechtenstein					
Norge	Bevis for gjennomgått spesialistutdanning i oralkirurgi	Odontologisk universitetsfakultet	1. janúar 1994		

d) Undir fyrirsögninni „V.4. DÝRALÆKNAR“:

i) Undir undirfyrirsögninni „5.4.2. Vitnisburður um menntun og hæfi dýralækna“:

Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Stofnunin sem veitir vitnisburð um menntun og hæfi	Vottorð sem fylgir vitnisburði	Viðmiðunardagsetning
Ísland	Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður frá öðru ríki sem tilskipun þessi tekur til og talið er upp í þessum viðauka	Lögbær yfirvöld	Vottorð lögbærra yfirvalda um að starfsþjálfun sé lokið	1. janúar 1994
Liechtenstein	Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður frá öðru ríki sem tilskipun þessi tekur til og talið er upp í þessum viðauka	Lögbær yfirvöld	Vottorð lögbærra yfirvalda um að starfsþjálfun sé lokið	1. maí 1995
Norge	Vitnemál for fullført grad <i>candidata/candidatus medicinae veterinariae</i> , skammstafað: <i>cand.med.vet.</i>	Norges veterinærhøgskole		1. janúar 1994

e) Undir fyrirsögninni „V.5. LJÓSMÆÐUR“:

i) Undir undirfyrirsögninni „5.5.2. Vitnisburður um formlega menntun og hæfi ljósmæðra“:

Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Stofnunin sem veitir vitnisburð um menntun og hæfi	Starfsheiti	Viðmiðunardagsetning
Ísland	1. Embættispróf í ljósmóðurfraði 2. Próf í ljósmæðrafræðum	1. Háskóli Íslands 2. Ljósmæðra-skóli Íslands	Ljósmóðir	1. janúar 1994
Liechtenstein	Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður frá öðru ríki sem tilskipun þessi tekur til og talið er upp í þessum viðauka	Lögbær yfirvöld	Hebamme	1. maí 1995
Norge	Vitnemál for bestått jordmor-utdanning	Høgskole	Jordmor	1. janúar 1994

f) Undir fyrirsögninni „V.6. LYFJAFRÆÐINGAR“:

i) Undir undirfyrirsögninni „5.6.2. Vitnisburður um formlega menntun og hæfi lyfjafræðinga“:

Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Stofnunin sem veitir vitnisburð um menntun og hæfi	Vottorð sem fylgir prófskírteininu	Viðmiðunardagsetning
Ísland	Próf í lyfjafræði	Háskóli Íslands		1. janúar 1994
Liechtenstein	Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður frá öðru ríki sem tilskipun þessi tekur til og talið er upp í þessum viðauka	Lögbær yfirvöld	Vottorð lögbærra yfirvalda um að starfsþjálfun sé lokið	1. maí 1995
Norge	Vitnemál for fullført grad candidata/ <i>candidatus pharmaciae</i> , skammstafað: <i>cand.pharm.</i>	Universitets-fakultet		1. janúar 1994

g) Undir fyrirsögninni „V.7. ARKITEKTAR“:

i) Undir undirfyrirsögninni „5.7.1. Vitnisburður um formlega menntun og hæfi arkitekta sem viðurkenndur er skv. 46. gr.“:

Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Stofnunin sem veitir vitnisburð um menntun og hæfi	Vottorð sem fylgir vitnisburði	Viðmiðunarskólaár
Ísland	Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður frá öðru ríki sem tilskipun þessi tekur til og talið er upp í þessum viðauka	Lögbær yfirvöld	Vottorð lögbærra yfirvalda um að starfsþjálfun sé lokið	

Liechtenstein	<p>– Dipl.-Arch. FH</p> <p>Für Architekturstudienkurse, die im akademischen Jahr 1999/2000 aufgenommen wurden, einschliesslich für Studenten, die das Studienprogramm Model B bis zum akademischen Jahr 2000/2001 belegten, vorausgesetzt dass sie sich im akademischen Jahr 2001/2002 einer zusätzlichen und kompensatorischen Ausbildung unterzogen.</p>	Fachhochschule Liechtenstein		1999/2000
Norge	– Sivilarkitekt	<p>1. Norges teknisk-naturvitenskaplige universitet (NTNU)</p> <p>2. Arkitektur- og designhøgskolen i Oslo (AHO) (fyrir 29. október 2004 Arkitekt-høgskolen i Oslo)</p> <p>3. Bergen Arkitekt Skole (BAS)</p>		1997/1998
	– Master i arkitektur	<p>1. Norges teknisk-naturvitenskaplige universitet (NTNU)</p> <p>2. Arkitektur- og designhøgskolen i Oslo (AHO) (fyrir 29. október 2004 Arkitekt-høgskolen i Oslo)</p> <p>3. Bergen Arkitekt Skole (BAS)</p>		<p>1999/2000</p> <p>1998/1999</p> <p>2001/2002</p>

- E) Eftirfarandi bætist við í VI. viðauka „Áunnin réttindi sem gilda um starfsgreinarnar sem eru háðar viðurkenningu á grundvelli samræmingar á lágmarkskröfum um menntun“:

Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Viðmiðunar-skólaár
Ísland	Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður frá öðru ríki sem tilskipun þessi tekur til og talið er upp í þessum viðauka, ásamt vottorði lögbærra yfirvalda um að starfsþjálfun sé lokið	
Liechtenstein	Prófskírteini frá „Fachhochschule“ (Dipl.-Arch. (FH))	1997/1998
Norge	– Prófskírteini (sivilarkitekt) frá „Norges tekniske høgskole (NTH)“, frá 1. janúar 1996 „Norges teknisk-naturvitenskaplige universitet (NTNU)“, „Arkitekthøgskolen i Oslo“ og „Bergen Arkitekt Skole (BAS)“ – Aðildarskírteini „Norske Arkitekters Landsforbund“ (NAL) ef hlutaðeigandi hefur stundað námið í ríki sem tilskipun þessi tekur til	1996/1997

5. Eftirfarandi liður bætist við á eftir hinum nýja lið 1c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/42/EB):

„1d. **32007 D 0172**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/172/EB frá 19. mars 2007 um að skipa hóp samræmingaraðila til að fjalla um viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi (Stjtið. ESB L 79, 20.3.2007, bls. 38).

Tilhögun samstarfs við sérfræðinga frá Liechtenstein, Íslandi og Noregi í samræmi við 101. gr. samningsins:

Hverju EFTA-ríki er heimilt, í samræmi við ákvæði 1. mgr. 4. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2007/172/EB, að tilnefna áheymarfulltrúa til að sitja fundi hóps samræmingaraðila til að fjalla um viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi.

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skal senda þátttakendum fundarboð og viðeigandi gögn með tilhlýðilegum fyrirvara.“

6. Brott falli texti liðar 1a (tilskipun ráðsins 89/48/EBE), liðar 1b (tilskipun ráðsins 92/51/EBE), liðar 1c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/42/EB), 3. liðar (tilskipun ráðsins 81/1057/EBE), 18. liðar (tilskipun ráðsins 85/384/EBE), 58. liðar (ákvörðun ráðsins 85/368/EBE), 62. liðar (tilmæli ráðsins 75/366/EBE), 63. liðar (tilmæli ráðsins 75/367/EBE), 64. liðar (375 Y 0701(01): greinargerðir ráðsins) og 65. liðar (tilmæli ráðsins 86/458/EBE).
7. Brott falli texti 4. liðar (tilskipun ráðsins 93/16/EBE), 8. liðar (tilskipun ráðsins 77/452/EBE), 9. liðar (tilskipun ráðsins 77/453/EBE), 10. liðar (tilskipun ráðsins 78/686/EBE), 11. liðar (tilskipun ráðsins 78/687/EBE), 12. liðar (tilskipun ráðsins 78/1026/EBE), 13. liðar (tilskipun ráðsins 78/1027/EBE), 14. liðar (tilskipun ráðsins 80/154/EBE), 15. liðar (tilskipun ráðsins 80/155/EBE), 16. liðar (tilskipun ráðsins 85/432/EBE), 17. liðar (tilskipun ráðsins 85/433/EBE), 59. liðar (C/81/74/bls. 1: orðsending frá framkvæmdastjórninni), 60. liðar (374 Y 0820(01): ályktun ráðsins), 61. liðar (389 L 0048: greinargerð ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar), 67. liðar (378 Y 0824(01): greinargerð ráðsins), 68. liðar (tilmæli ráðsins 78/1029/EBE), 69. liðar (378 Y 1223(01): greinargerðir ráðsins), 70. liðar (tilmæli ráðsins 85/435/EBE) og 71. liðar (tilmæli ráðsins 85/386/EBE), ásamt tilheyrandi fyrirsögnum.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 143/2007

2008/EES/19/12

frá 26. október 2007

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐAN-
GREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2007 frá 28. september 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 717/2007 frá 27. júní 2007 um reiki á almennum farsímanetum innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun 2002/21/EB ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 5ct (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/928/EB):
„5cu. **32007 R 0717**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 717/2007 frá 27. júní 2007 um reiki

á almennum farsímanetum innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun 2002/21/EB (Stjtið. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 32).“

2. Eftirfarandi bætist við í lið 5cl (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB):

„, eins og henni var breytt með:

- **32007 R 0717**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 717/2007 frá 27. júní 2007 (Stjtið. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 32).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 717/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 47, 21.2.2008, bls. 36, og EES-viðbætur nr. 9, 21.2.2008, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 32.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 144/2007

2008/EES/19/13

frá 26. október 2007

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐAN-
GREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 122/2007 frá 28. september 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 62/2006 frá 23. desember 2005 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar fjarvirknibúnað fyrir vöruflutningaundirkerfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/679/EB frá 28. mars 2006 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar stjórn- og merkjaundirkerfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/860/EB frá 7. nóvember 2006 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar stjórn- og merkjaundirkerfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins og um breytingu á viðauka A við ákvörðun 2006/679/EB um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar stjórn- og merkjaundirkerfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/153/EB frá 6. mars 2007 um breytingu á viðauka A við ákvörðun 2006/679/EB um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar stjórn- og merkjaundirkerfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins og viðauka A við ákvörðun 2006/860/EB um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar stjórn- og merkjaundirkerfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins ⁽⁵⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 47, 21.2.2008, bls. 47, og EES-viðbætur nr. 9, 21.2.2008, bls. 38.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 13, 18.1.2006, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 284, 16.10.2006, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 342, 7.12.2006, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 67, 7.3.2007, bls. 13.

I. gr.

XIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 37g (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/66/EB):

„37h. **32006 R 0062**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 62/2006 frá 23. desember 2005 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar fjarvirknibúnað fyrir vöruflutningaundirkerfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins (Stjtið. ESB L 13, 18.1.2006, bls. 1).

37i. **32006 D 0679**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/679/EB frá 28. mars 2006 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar stjórn- og merkjaundirkerfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins (Stjtið. ESB L 284, 16.10.2006, bls. 1), eins og henni var breytt með:

– **32006 D 0860**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/860/EB frá 7. nóvember 2006 (Stjtið. ESB L 342, 7.12.2006, bls. 1),

– **32007 D 0153**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/153/EB frá 6. mars 2007 (Stjtið. ESB L 67, 7.3.2007, bls. 13).

37j. **32006 D 0860**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/860/EB frá 7. nóvember 2006 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar stjórn- og merkjaundirkerfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins og um breytingu á viðauka A við ákvörðun 2006/679/EB um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar stjórn- og merkjaundirkerfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins (Stjtið. ESB L 342, 7.12.2006, bls. 1), eins og henni var breytt með:

– **32007 D 0153**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/153/EB frá 6. mars 2007 (Stjtið. ESB L 67, 7.3.2007, bls. 13).“

2. Eftirfarandi bætist við í lið 37e (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/446/EB):

„, eins og henni var breytt með:

– **32006 R 0062**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 62/2006 frá 23. desember 2005 (Stjtið. ESB L 13, 18.1.2006, bls. 1).“

3. Eftirfarandi bætist við í lið 37f (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/447/EB):

„, eins og henni var breytt með:

- **32006 D 0679**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/679/EB frá 28. mars 2006 (Stjtið. ESB L 284, 16.10.2006, bls. 1).“

verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

4. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 37ab (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/731/EB):

- „– **32006 D 0860**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/860/EB frá 7. nóvember 2006 (Stjtið. ESB L 342, 7.12.2006, bls. 1).“

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. október 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

2. gr.

4. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 62/2006 og ákvarðana 2006/679/EB, 2006/860/EB og 2007/153/EB, sem

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 145/2007

2008/EES/19/14

frá 26. október 2007

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐAN-GREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 122/2007 frá 28. september 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins og um að upplýsa flugfarþega um hvaða flugrekendur annast flutning og um niðurfellingu 9. gr. tilskipunar 2004/36/EB ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 473/2006 frá 22. mars 2006 þar sem mælt er fyrir um framkvæmdarreglur um skrá Bandalagsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins, sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 frá 22. mars 2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins, sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 910/2006 frá 20. júní 2006 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins, sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1543/2006 frá 12. október 2006 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna

skrá Bandalagsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins, sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 910/2006 ⁽⁶⁾.

- 7) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 235/2007 frá 5. mars 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 787/2007 frá 4. júlí 2007 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins ⁽⁸⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

XIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 66z (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/23/EB):

„66za. **32005 R 2111**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins og um að upplýsa flugfarþega um hvaða flugrekendur annast flutning og um niðurfellingu 9. gr. tilskipunar 2004/36/EB (Stjtið. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Þar til sameiginlega EES-nefndin tekur formlega ákvörðun um að fella uppþæslur á skrá Bandalagsins inn í samninginn, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í samningnum, skulu EFTA-ríkin gera ráðstafanir, sem samsvara þeim sem aðildarríki EB gera á grundvelli skrár Bandalagsins að því er varðar flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur, um leið og aðildarríki EB gera slíkar ráðstafanir.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 47, 21.2.2008, bls. 47, og EES-viðbætur nr. 9, 21.2.2008, bls. 38.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 8.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 14.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 168, 21.6.2006, bls. 16.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 283, 14.10.2006, bls. 27.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 66, 6.3.2007, bls. 3.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 175, 5.7.2007, bls. 10.

- b) Reynist það verulegum annmörkum háð í einu eða fleiri EFTA-rikkjum að gera slíkar ráðstafanir skulu viðkomandi EFTA-ríki vísa málinu tafarlaust til sameiginlegu EES-nefndarinnar.
- c) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 15. gr.:
- „6. EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í störfum nefndarinnar sem um getur í 1. mgr., en hafa þó ekki atkvæðarétt.“
- 66zaa. **32006 R 0473**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 473/2006 frá 22. mars 2006 þar sem mælt er fyrir um framkvæmdarreglur um skrá Bandalagsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins, sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 (Stjtið. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 8).
- 66zab. **32006 R 0474**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 frá 22. mars 2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins, sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 (Stjtið. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 14), eins og henni var breytt með:
- **32006 R 0910**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 910/2006 frá 20. júní 2006 (Stjtið. ESB L 168, 21.6.2006, bls. 16),
 - **32006 R 1543**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1543/2006 frá 12. október 2006 (Stjtið. ESB L 283, 14.10.2006, bls. 27),
 - **32007 R 0235**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 235/2007 frá 5. mars 2007 (Stjtið. ESB L 66, 6.3.2007, bls. 3),
 - **32007 R 0787**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 787/2007 frá 4. júlí 2007 (Stjtið. ESB L 175, 5.7.2007, bls. 10).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 66r (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/36/EB):
- „, eins og henni var breytt með:
- **32005 R 2111**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 (Stjtið. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15).“
2. gr.
- Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 2111/2005, 473/2006, 474/2006, 910/2006, 1543/2006, 235/2007 og 787/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.
3. gr.
- Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. október 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ⁽⁹⁾.
4. gr.
- Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(⁹) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 146/2007

2008/EES/19/15

frá 26. október 2007

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐAN-GREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 127/2007 frá 28. september 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/101/EB frá 27. október 2004 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins að því er varðar verkefniskerfi Kýótóbókarinnar ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2216/2004 frá 21. desember 2004 um staðlað og varið skráningarkerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/156/EB frá 29. janúar 2004 um að setja viðmiðunarreglur fyrir vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/780/EB frá 13. nóvember 2006 um að komast hjá því að tvíreikna skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda í kerfi Bandalagsins um viðskipti með heimildir til losunar, að því er varðar verkefnistengdar aðgerðir samkvæmt Kýótóbókuninni, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ⁽⁶⁾.
- 7) Ákvörðun ráðsins 2002/358/EB frá 25. apríl 2002 um samþykki Kýótóbókarinnar við rammisamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, fyrir hönd Evrópubandalagsins, og sameiginlega uppfyllingu á skuldbindingum samkvæmt henni hefur ekki verið felld inn í samninginn.
- 8) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB frá 11. febrúar 2004 um aðferð til að vakta losun gróðurhúsalofttegunda í Bandalaginu og um framkvæmd Kýótóbókarinnar ⁽⁷⁾ hefur ekki verið felld inn í samninginn og sérstök ákvæði 3. gr. ákvörðunarinnar um skýrslugjöf, sem ítrekuð eru í 3. mgr. 30. gr. tilskipunar 2003/87/EB, gilda því ekki gagnvart EFTA-rikinum.
- 9) Í Noregi var kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda frá 1. janúar 2005 komið á með lögum nr. 99 frá 17. desember 2004 og tilheyrandi reglugerðum frá 23. desember 2004, með áorðnum breytingum frá 15. mars 2005. Breytingar á þessum lögum að því er varðar árin 2008–2012 öðluðust gildi hinn 1. júlí 2007 og síðari breytingar á tilheyrandi reglugerðum voru gerðar hinn 14. september 2007. Samkvæmt norska kerfinu verður ekki úthlutað heimildum fyrir tímabilið sem hefst árið 2008 að því er varðar heimildir sem eru umfram losun á upphaflega þriggja ára tímabilinu sem hófst árið 2005. Stjórnvöld í Noregi hafa tilkynnt að með fyrirvara um gildandi málsmeðferð vegna viðurkenningar muni þau ekki gefa út heimildir á fimm ára tímabilinu sem hefst árið 2008 umfram 15 milljónir tonna, og að hámarkshlutfall vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga, sem rekstraraðilum er heimilt að nota, verði ekki hærra en 20 % af heildarlosunarheimildum. Á Íslandi og í Liechtenstein hefur kerfi af þessu tagi ekki verið komið á enn sem komið er. Á Íslandi eru fyrirhugaðar ráðstafanir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá stöðvum sem ættu að falla undir gildissvið tilskipunar 2003/87/EB, meðal annars stöðvunum sem taldar eru upp í viðauka við ákvörðun þessa, sem réttlæta að þær verði undanþegnar gildissviði tilskipunarinnar meðan þær ráðstafanir eru í gildi.
- 10) Hafa verður í huga að EFTA-rikin búa við mismunandi aðstæður. Einkum þarf að taka tillit til skuldbindinga Íslendinga samkvæmt Kýótóbókuninni, þar eð stjórnvöld á Íslandi hafa tilkynnt að þau muni nýta sér ákvæði ákvörðunar þings aðildarríkja Kýótóbókarinnar 14/CP.7 um áhrif einstakra verkefna á losun á skuldbindingartímabilinu

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 47, 21.2.2008, bls. 58, og EES-viðbætur nr. 9, 21.2.2008, bls. 44.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 18.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 386, 29.12.2004, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 59, 26.2.2004, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 316, 16.11.2006, bls. 12.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 49, 19.2.2004, bls. 1.

- 11) Í EFTA-ríkjunum kunna að vera stöðvar sem búa yfir búnaði til að binda og geyma kolefni árin 2008–2012, og verða þær felldar einhliða inn í kerfi ESB fyrir viðskipti með losunarheimildir á þann hátt að kolefni, sem er bundið og komið til varanlegrar geymslu, dregst frá mældri losun frá viðkomandi stöð. Ákvörðun þessi gildir með fyrirvara um úthlutun losunarheimilda til slíkra stöðva.
- 12) Ákvörðun þessi skerðir ekki sjálfræði samningsaðila að því er varðar milliríkjaviðræður um loftslagsbreytingar, einkum í tengslum við rammisamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kýótóbókunina, nema að því er varðar lagageringna sem eru felldir inn í EES-samninginn samkvæmt ákvörðun þessari. EFTA-ríkin skulu þó taka fullt tillit til þeirra skuldbindinga sem þau hafa gengist undir með EES-samningnum.
- 13) Sérhvert EFTA-ríki ber ábyrgð á því að koma í framkvæmd stefnumiðum og aðgerðum til efnda á alþjóðaskuldbindingum samkvæmt rammisamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kýótóbókuninni.
- 14) EFTA-ríkjunum skal áfram gefinn kostur á þátttöku í starfi nefndar um loftslagsbreytingar, sem er framkvæmdastjórninni til aðstoðar samkvæmt 23. gr. tilskipunar 2003/87/EB, og að leggja landsbundnar úthlutunaráætlanir fyrir nefndina til umræðu.
- 15) Í krafti aðildar sinnar að Kýótóbókuninni geta EFTA-ríkin tekið þátt í milliríkjaviðskiptum með losunarheimildir við hvern þann samningsaðila sem getið er í viðauka B með bókuninni.
- 16) Viðskipti EFTA-ríkjanna skulu skráð í hina óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins. Yfirstjórnandi óháðu viðskiptadagbókarinnar skal sinna hlutverki sínu gagnvart EFTA-ríkjunum og Eftirlitsstofnun EFTA skal vera lögbært yfirvald þegar að því kemur að gefa yfirstjórnandanum nauðsynleg fyrirmæli að því er varðar ákvæði um beitingu reglugerðar (EB) nr. 2216/2004 gagnvart EFTA-ríkjunum.
- 17) Þegar gerður er samningur á grundvelli 25. gr. tilskipunar 2003/87/EB skal þess gætt að mismuna ekki EFTA-ríkjunum og rekstraraðilum í þeim ríkjum í samanburði við aðildarríki EB og rekstraraðila þar.
- 18) Eftirlitsstofnun EFTA skal gæta náins samráðs við framkvæmdastjórnina þegar leitað er til hennar um verkefni sem varða EFTA-ríkin og eru á ábyrgð framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar aðildarríki EB samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, reglugerð (EB) nr. 2216/2004, ákvörðun 2004/156/EB og ákvörðun 2006/780/EB. Þessi verkefni taka meðal annars til mats á landsbundinni úthlutunaráætlun samkvæmt 3. mgr. 9. gr. fyrir hvert tímabil sem getið er í 2. mgr. 11. gr. og öllum umsóknum um að taka einhliða með aðra starfsemi og lofttegundir samkvæmt 24. gr. tilskipunar 2003/87/EB.
- 19) Fastanefnd EFTA-ríkjanna mun taka ákvörðun um að setja á fót ráðgjafarnefnd á vegum EFTA sem verði Eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar við að inna þessi verkefni af hendi. Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjórnarinnar skal sitja fundi nefndarinnar. Við mat á því hvort EFTA-ríkin hafi fullnægt ákvæðum tilskipunarinnar, einkum að því er varðar heildarlosunarheimildir, skal fjallað um þau atriði stefnumiða og aðgerða á sviði loftslagsbreytinga sem varða samning þennan. Eftirlitsstofnun EFTA skal þó ekki fjalla um hvort einstök EFTA-ríki hafi sjálf fullnægt alþjóðaskuldbindingum sínum um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Ákvörðun um landsbundna úthlutunaráætlun skal vera í samræmi við viðmiðin sem sett eru í III. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, einkum viðkomandi ákvæði aðferðakerfis samkvæmt skjölum framkvæmdastjórnarinnar COM(2003) 830 lokag., COM(2005) 703 lokag. og COM(2006) 725 lokag. sem hafa að geyma leiðsögn um mat á landsbundinni úthlutunaráætlun samkvæmt 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 2003/87/EB og ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um landsbundnar úthlutunaráætlanir.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

XX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1f (tilskipun ráðsins 96/61/EB):

„– **32003 L 0087**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 (Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).“

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 21ak (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/107/EB):

„21al. **32003 L 0087**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32), eins og henni var breytt með:

– **32004 L 0101**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/101/EB frá 27. október 2004 (Stjtið. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 18).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Með fyrirvara um síðari umfjöllun sameiginlegu EES-nefndarinnar skal tekið fram að eftirtaldir bandalagsgerðir hafa ekki verið felldar inn í EES-samninginn:

- i) Ákvörðun ráðsins 2002/358/EB frá 25. apríl 2002 um samþykki Kýótóbókunarinnar við rammisamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, fyrir hönd Evrópubandalagsins, og sameiginlega uppfyllingu á skuldbindingum samkvæmt henni.
- ii) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB frá 11. febrúar 2004 um aðferð til að vakta losun gróðurhúsalofttegunda í Bandalaginu og um framkvæmd Kýótóbókunarinnar.
- b) EFTA-ríkin skulu undanþegin ákvæðum tilskipunarinnar að því er varðar þriggja ára tímabilið sem hófst 1. janúar 2005 og um getur í 1. mgr. 11. gr.
- c) Eftirfarandi bætist við í annarri undirmálgrein 1. mgr. 9. gr.:
- „Að því er varðar fimm ára tímabilið sem hefst 1. janúar 2008 skal birta og tilkynna áætlun EFTA-ríkis eigi síðar en beint í kjölfar gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella tilskipunina inn í samninginn.“
- d) Orðin „innan þriggja mánaða“ í 3. mgr. 9. gr. lesist sem „innan tveggja mánaða eða svo skjótt sem unnt er eftir það“ að því er varðar fimm ára tímabilið sem hefst 1. janúar 2008.
- e) Að því er varðar tímabilin, sem um getur í 2. mgr. 11. gr., og heildarlosunarheimildir fyrir hvert tímabil samkvæmt 2. mgr. 11. gr., er hverju EFTA-ríki heimilt að úthluta stærra hlutfalli losunarheimilda sinna gegn greiðslu en sem nemur hámarki samkvæmt 10. gr.
- f) Eftirfarandi bætist við í 2. mgr. 11. gr.:
- „Að því er varðar fimm ára tímabilið sem hefst 1. janúar 2008 og að því leyti sem EFTA-ríki á í hlut skal þessi ákvörðun tekin eigi síðar en 2 mánuðum áður en það tímabil hefst eða jafnskjótt og unnt er eftir það.“
- g) Orðin „sáttmálans, einkum 87. og 88. gr.“ í 3. mgr. 11. gr. lesist „samningsins, einkum 61. og 62. gr.“
- h) Í stað fyrsta málslíðar 1. mgr. 11. gr. a komi eftirfarandi:
- „Með fyrirvara um ákvæði 3. mgr. skal EFTA-ríkjunum heimilt á hverju tímabili, sem um getur í 2. mgr. 11. gr., að leyfa rekstrar- aðilum að nýta sér vottaða losunarskerðingu og losunarskerðingareiningar, sem til verða í verkefnistengdum aðgerðum innan kerfis Bandalagsins, sem hundraðshluta af heildarlosunarheimildum.“
- i) Í stað annars málslíðar 3. mgr. 16 gr. komi eftirfarandi:
- „EFTA-ríkin skulu kveða á um sektir fyrir umframlosun sem jafngilda þeim sem gilda í aðildarríkjum EB.“
- j) Eftirfarandi bætist við í 1. mgr. 19. gr.:
- „Skrá fyrir Liechtenstein má halda á vegum Svisslendinga.“
- k) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 20. gr.:
- „4. Skrá skal í óháðu viðskiptadagbókina, sem um getur í 1. mgr., útgáfu, framsal og afturköllun losunarheimilda sem varða EFTA-ríkin og rekstraraðila þeirra.
- Yfirstjórnandinn skal vera til þess bær að sinna verkefnum sem um getur í 1.–3. mgr. að því er varðar EFTA-ríkin og rekstraraðila í þeim ríkjum.“
- l) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 25. gr.:
- „3. Til losunarheimilda í kerfi Bandalagsins teljast losunarheimildir sem EFTA-ríkin úthluta eða rekstraraðilar í þeim ríkjum selja innan kerfis Bandalagsins. Eftir að Bandalagið hefur gert samning af því tagi sem um getur í 1. mgr. skal enginn munur gerður á slíkum losunarheimildum.
- Framkvæmdastjórnin skal senda EFTA-ríkjunum tímanlega upplýsingar um samningaviðræður og gerð samninga í samræmi við þessa grein.“
- m) EFTA-ríki, sem taka þátt í kerfi ESB fyrir viðskipti með losunarheimildir, munu leggja fram upplýsingar samkvæmt viðeigandi ákvæðum í fyrstu undirmálgrein 3. mgr. 30. gr., en ákvæði um skýrslugjöf samkvæmt annarri undirmálgrein taka ekki til þeirra.
- n) Eftirfarandi bætist við efst í 1. lið III. við- auka:
- „Alþjóðaskuldbindingar EFTA-ríkjanna utan þessa samnings skulu ekki koma til umfjöllunar hjá Eftirlitsstofnun EFTA.“

- o) Í stað orðanna „mat á raunverulegum og áætluðum árangri aðildarríkjanna við“ í 2. lið III. viðauka komi orðin „staðfest gögn um losun sem stöðvar hafa lagt fram samkvæmt tilskipuninni, landsskrár ríkja og orðsendingar ríkja sem sendar hafa verið skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar í því skyni“ að því er varðar EFTA-ríkin.
- p) Í stað orðanna „lagagerninga og stefnumótandi gerninga Bandalagsins“ í 4. lið III. viðauka komi orðin „lagagerninga sem felldir hafa verið inn í samninginn“.
- q) Í stað orðanna „sáttmáls, einkum 87. og 88. gr.“ í 5. lið III. viðauka komi orðin „samningsins, einkum 61. og 62. gr.“
- r) Í stað textans í 12. lið III. viðauka komi eftirfarandi:
- „Í áætluninni skal hámark vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga, sem rekstraraðilum er heimilt að nota í kerfi fyrir viðskipti með losunarheimildir, tilgreint sem hundradshluti af heildarlosunarheimildum.“
- s) EFTA-ríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáætlunarmáli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2007.
- t) Brennslustöðvar á Íslandi, sem hafa skráð nafnvarmaafli umfram 20 MW (að undanskildum brennslustöðvum fyrir hættulegan úrgang eða sorp) en hafa losað á hverju ári minna en 25 000 tonn af koltvísýringisgildi (að undanskilinni losun úr lífmassa) samkvæmt skýrslu til lögbærs yfirvalds næstu þrjú ár á undan deginum sem landsbundin úthlutunaráætlun fyrir tiltekið tímabil er lögð fram, skulu undanþegnar gildissviði tilskipunar þessarar á því tímabili sem sú áætlun ætti að gilda, að því tilskildu að hlutaðeigandi lögbært yfirvald færir Eftirlitsstofnun EFTA viðhlítandi sönnur á að það framfylgi öðrum stefnumiðum og aðgerðum sem skila sama árangri og tilskipun 2003/87/EB. Af þessu leiðir að meðan þannig stendur á að engin stöð eða starfsemi samkvæmt I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB ætti að falla undir landsbundna úthlutunaráætlun gildir ekki krafan í 1. mgr. 9. gr. um framlagningu áætlunar.
- u) Eftirlitsstofnun EFTA skal beita viðkomandi ákvæðum aðferðakerfisins samkvæmt skjölum framkvæmdastjórnarinnar COM(2003) 830 lokag., COM(2005) 703 lokag. og COM(2006) 725 lokag. sem hafa að geyma leiðsögn um mat á landsbundinni úthlutunaráætlun samkvæmt 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 2003/87/EB eins og það hefur verið framkvæmt í ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar um landsbundnar úthlutunaráætlanir.
- 21am. **32004 D 0156:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/156/EB frá 29. janúar 2004 um að setja viðmiðunarreglur fyrir vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtið. ESB L 59, 26.2.2004, bls. 1).
- 21an. **32004 R 2216:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2216/2004 frá 21. desember 2004 um staðlað og varið skráningarkerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB (Stjtið. ESB L 386, 29.12.2004, bls. 1).
- Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:
- a) Ákvæði aðlögunarliðar k) við tilskipun 2003/87/EB skulu gilda um reglugerðina að breyttu breytanda.
- b) Eftirfarandi undirmálgrein bætist við í 3. mgr. 6. gr.:
- „Yfirstjórnandinn skal fara eftir fyrirmælum Eftirlitsstofnunar EFTA að því er varðar skrár í EFTA-ríkjunum.“
- c) Í stað orðanna „Framkvæmdastjórnin skal“ í 4. mgr. 8. gr. komi orðin „Framkvæmdastjórnin og Eftirlitsstofnun EFTA skulu“.
- d) Orðin „1. janúar 2007“ í 1. mgr. 44. gr. lesist „15. desember 2007“.
- e) Eftirfarandi málgrein bætist við í 44. gr.:
- „4. Yfirstjórnandinn skal fara eftir fyrirmælum Eftirlitsstofnunar EFTA að því er varðar töflur landsbundinna úthlutunaráætlana EFTA-ríkjanna.“
- 21ao. **32006 D 0780:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/780/EB frá 13. nóvember 2006 um að komast hjá því að tvíreikna skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda í kerfi Bandalagsins um viðskipti með heimildir til losunar, að því er varðar verkefnistengdar aðgerðir samkvæmt Kýótóbókuninni, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtið. ESB L 316, 16.11.2006, bls. 12).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2003/87/EB og 2004/101/EB, reglugerðar (EB) nr. 2216/2004 og ákvarðana 2004/156/EB og 2006/780/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. október 2007 eða daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins berst sameiginlegu EES-nefndinni, hvort sem síðar verður (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna / Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2007

Brennslustöðvar á Íslandi sem hafa skráð nafnvarmafl umfram 20 MW:

Fiskimjöls- og lýsisverksmiðja Síldarvinnslunnar á Siglufirði;

Fiskimjöls- og lýsisverksmiðja Síldarvinnslunnar á Seyðisfirði;

Fiskimjöls- og lýsisverksmiðja Eskju á Eskifirði;

Fiskimjöls- og lýsisverksmiðja Síldarvinnslunnar í Neskaupstað;

Fiskimjöls- og lýsisverksmiðja HB Granda á Akranesi;

Fiskimjöls- og lýsisverksmiðja Ísfélags Vestmannaeyja;

Fiskimjöls- og lýsisverksmiðja Skeggeyjar Höfn;

Fiskimjöls- og lýsisverksmiðja Síldarvinnslunnar í Helguvík;

Fiskimjöls- og lýsisverksmiðja Loðnuvinnslunnar á Fáskrúðsfirði;

Fiskimjöls- og lýsisverksmiðja Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum;

Neyðarvaraafstöð fyrir álbræðslu Alcan;

Neyðarvaraafstöð Orkuveitu Reykjavíkur.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 147/2007

2008/EES/19/16

frá 26. október 2007

um breytingu á bókun 23 við EES-samninginn, um samvinnu milli eftirlitsstofnana (58. gr.)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐAN-
GREINDA ÁKVÖRÐUN

„1. gr. a

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 23 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegrar EES-nefndarinnar nr. 178/2004 frá 3. desember 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Til þess að gera Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-ríkjunum kleift að taka þátt í umræðum um stefnumótun í neti samkeppnisyfirvalda sem fela í sér skipti á trúnaðarupplýsingum á grundvelli ákvæða 81. og 82. gr. EB-sáttmálans er nauðsynlegt að setja lagaákvæði sem heimila skipti á trúnaðarupplýsingum sem ekki er þegar mælt fyrir um í samningnum. Af þessum sökum ber að bæta nýrri grein, 1. gr. a, við bókun 23 við samninginn.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi grein bætist við á eftir 1. gr. bókunar 23 við samninginn:

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. október 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegrar EES-nefndinni (*).

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2007.

Fyrir hönd sameiginlegrar EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 133, 26.5.2005, bls. 35, og EES-viðbætur nr. 26, 26.5.2005, bls. 25.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.